

Skipulagsstofnun
Guðrún Halla Gunnarsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. janúar 2015
Tilvísun: UST20141200007/ksj

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015 vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar (Blönduveitu) í Húnnavatnshreppi.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015, vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar.

Framkvæmdin

Til að nýta óvirkjað fall á núverandi veituleið Blönduvirkjunar milli Blöndulóns og Gilsárlóns er fyrirhugað að reisa allt að þrjár nýjar virkjanir, þ.e. Þramarvirkjun, Friðmundarvirkjun og Kolkuvirkjun, en þær mynda saman svokallaða Blönduveitu. Fram kemur í tillöggunni að Þramarvirkjun er neðan marka svæðisskipulags miðahálendisins og er því ekki hluti breytingartillögunnar. Fyrirhuguð mannvirki sem tengjast Blönduveitu eru stöðvarhús Kolkuvirkjunar ásamt að- og frárennslisskurðum og stöðvarhús Friðmundarvirkjunar ásamt stíflu, lóni og veituskurðum milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns auk vega að virkjum.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það er fram kemur í umhverfisskýrslu um að Blöndulón og umhverfi þess er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi Húnnavatnshrepps og að það feli í sér að mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki og þess gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar felast neikvæð áhrif ofangreindra framkvæmda í áhrifum á gróður/vistkerfi og landslag.

Landslag

Áhrif á landslag af ofangreindum framkvæmdum verða vegna efnistöku, haugsetningar og rask á vinnusvæði. Veituskurðir eru nú þegar á svæðinu og hafa þegar sett mark sitt á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að gróftur veituskurða, haugsetning og mótnun jarðefna muni skerða votlendi beint um 8 ha. Stofnunin bendir á að frárennslisskurðir frá Þramarvirkjun ráði miklu um neikvæð áhrif framkvæmdar á votlendi. Kanna þarf hvort hægt er að hnika staðsetningu hans til austurs og hlífa þannig verðmætu votlendissvæði. Mikilvægt er að leggja áherslu á að vanda vel vals á endanlegri legu veituskurðar frá stöðvarhúsi

Þramavirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.

Víðerni

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir fari fram þannig að óskert víðerni vestan við framkvæmdasvæðið skerðist ekki og að framkvæmdir komi ekki til með að sjást þaðan.

Samráð

Umhverfisstofnun minnir á að í álti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda eru lögð ákveðin skilyrði fyrir veitingu framkvæmdaleyfis um að Landsvirkjun eigi samráð við Umhverfisstofnun um endanlega legu veituskurðar frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við niðurstöðu umhverfismats enda eru fyrirhugaðar framkvæmdir að stórum hluta á svæðum sem þegar hefur að einhverju leyti verið raskað. Hér er um að ræða viðbætur við mannvirki sem þegar eru fyrir hendi.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Þóra Guðrún
Aðalbjörg B Gutormsdóttir
Teymisstjóri